

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. og með vísan til ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar og gildir til 31. desember 1995. Tollstjórum skal heimilt að endurgreiða innflytjanda toll af þeim vörusendingum sem falla undir tollkafla 4 skv. 2. gr. og tollafgreiddar hafa verið eftir 1. júlí 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 24 21. janúar 1994
um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins.**

1. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um dýralækna nr. 77/1981, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og 52. gr laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. 18. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Guðmundur Sigþórsson.